

Nr. 17-001 S 001 Nonni Hebba BA**Reykur í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2835
Útgerð: Fjarðalax hf.
Smíðaður: Færeyjar 2012, stál
Stærð: 41,15 bt..
Mesta lengd: 14,12 m Skráð lengd: 13,80 m
Breidd: 6,97 m Dýpt: 2,28 m
Vél: IVECO 398 kW, 2011
Fjöldi skipverja: 4



Nonni Hebba ©Marine Traffic

Gögn:
Gögn RNSA
Lögregluskýsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. janúar 2017 var vinnuskiptið Nonni Hebba á siglingu milli fiskeldiskvía á Tálknafirði. Veður: VSV 9 m/s.

Á siglingu bátsins urðu skipverjar varir við hvítan reyk frá bakborðs vélarúmi. Þeir lokuðu vélarúminu og sigldu í land á stjórnborðs aðalvélinni en í bátnum eru tvö aðskilin vélarúm.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun kom í ljós að reykurinn í vélarúmi kom frá slökkvikerfi sem hafði farið í gang;
- að skammhlaup í stjórnbúnaði ræsti slökkvikerfið í bakborðs vélarúmi sem var reyksprengja;
- að báturinn var smíðaður í Færeyjum árið 2012 og slökkvikerfið sett þar í hann en engar merkingar voru á búnaðinum um framleiðanda;
- að búnaðurinn var síðast skoðaður í nóvember 2016;
- að skipt var um allar reyksprengjur og settur upp búnaður frá FirePro af gerðinni FP-2000 af Öryggismiðstöðinni;
- að þrjár af fjórum skipverjum voru ekki lögskráðir á bátinn þar með talinn skipstjóri skipsins.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar en nefndin átelur að ekki hafi verið farið að lögum um lögskráningu skipverja.